



423. fundur Þingvallanefndar

8. febrúar 2016

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti 12, mánudaginn 8. febrúar 2016 kl. 9:30. Mættir voru Sigrún Magnúsdóttir formaður, Svandís Svavarsdóttir, Oddný Harðardóttir, Haraldur Einarsson, Róbert Marshall og Birgir Ármannsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður, Hildur Hafsteinsdóttir skrifstofustjóri og Hrefna Jónsdóttir sérfræðingur sem ritaði fundargerð.

Guðjón Jónsson og Þorbergur Karlsson frá Verkfræðistofunni VSÓ mættu vegna fyrsta dagskrárliðar.

Formaður setti fund og stýrði:

1. Kynning á drögum að nýju skipuriti þjóðgarðsins.
Guðjón og Þorbergur kynntu drög að nýju skipuriti fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum. Starfsemi þjóðgarðsins hefur vaxið ört síðustu misseri. Því er talið nauðsynlegt að útbúa skipurit sem sýnir skipulag starfseminnar á einfaldan og skýran hátt, ábyrgðarskiptingu og boðleiðir.
Nýtt skipurit þjóðgarðsins samþykkt samkvæmt framlögðum drögum.
2. Fjármál og fjárlagatillögur
Fjármálaáætlun 2017-2021. Birt var stutt kynning á helstu fjárlagatillögum og framkvæmdum m.a. sýningu í gestastofu, borholu, stækkun gestastofu og undirbúning að veitingahúsi á Haki.
3. Framsal lóðarleiguréttinda og boð um forkaupsrétt, Neðristígur 10.
Í framhaldi af fyrri fundum um erindi eigenda að sumarhúsi að Neðristíg 10 um heimild til framsals lóðarleigurréttinda og sölu á sumarhúsi til erlendra aðila, búsettra í USA, var erindið tekið fyrir til endanlegrar afgreiðslu. Lögð voru fram endanleg drög frá LEX að svarbréfi til eigenda.

Ákveðið var að hafna erindinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Var ákvörðunin samþykkt með 5 atkvæðum. Voru framlögð drög LEX að svarbréfi til eigenda samþykkt. Birgir Ármannsson sat hjá. Birgir tilkynnti jafnframt hjásetu Unnar Brár, en hann hafði umboð til að kynna afstöðu hennar í þessu máli.

Var ákveðið að þjóðgarðsvörður myndi fela LEX að tilkynna eigendum ákvörðun nefndarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.